

Erindisbréf Öldungaráðs Bolungarvíkurkaupstaðar

1.gr.

Öldungaráð Bolungarvíkurkaupstaðar starfar í umboði bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Öldungaráð starfar samkvæmt 2.mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða sem innifelur framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið starfar einnig samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Öldungaráð skal starfa í samræmi við þau lög sem um það gilda, samþykktir Bolungarvíkurkaupstaðar og erindisbréf þetta.

2.gr

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum í samræmi við 46. gr. B3 samþykktar Bolungarvíkurkaupstaðar. Bæjarstjórn kýs 3 aðalfulltrúa og jafn marga til vara eins og kemur fram í 46. gr. Bæjarmálasamþykktar Bolungarvíkurkaupstaðar. Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Bæjarstjórn kýs formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar.

3.gr

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Bolungarvíkurkaupstaðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sveitarfélagsins sem varða íbúa 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflökknum og stuðlar, í samstarfi við bæjarstjórn að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

4. gr

Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á. Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári, í byrjun árs, að vori og að hausti, auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara.

Félagsmálastjóri er starfsmaður ráðsins. Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við félagsmálastjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins.

Fundur ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðið á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál. Óheimilt er að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Formaður eða aðrir fulltrúar öldungaráðs skulu snúa sér til félagsmálastjóra eða bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

Við undirbúning mála skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Um fulltrúa öldungaráðs gildir samþykkt bæjarstjórnar um siðareglur kjörinna fulltrúa Bolungarvíkukaupstaðar.

5. gr.

Ráðið skal halda fundargerðabók og ritari skal færa fundargerð í fundargerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkur.

6. gr.

Öldungaráð heyrir undir velferðarráð. Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fyrir velferðarráð áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn. Velferðarráð leiti til öldungaráðs í öllum málum er varða málefni aldraðra.

7. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur og tekur gildi þann 11. mars 2025.